



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 8. júní 2021
VEL2021060009
SFS2019090155

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um rafvæðingu umsóknarferlis skólaþjónustu og endurskoðun verklags út frá notendamiðaðri hönnun

Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 8. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak):

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Markmiðið verði að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólaþjónustu og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólaþjónustu. Verkið verði unnið í hönnunarsprettum. Verkferlar verði samræmdir í skólaþjónustunni þannig að hún sé sambærileg um alla borg. Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með ferlinu.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn leggur til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Fulltrúi Flokks fólksins styður að farið sé í þessa vinnu, en að það verði gert með skynsömum hætti og af ábyrgu fólki. Sviðin sjálf vita best hvað þau þurfa og hlýtur vinnan að þurfa að fara fram innan þeirra. Víða er kominn grunnur að snjalllausnum sem sjá má í öðrum stofnunum. Gríðar miklu fjármagni hefur nú þegar verið veitt í stafræna umbreytingu og lítið ber á afrakstri eða afurðum. Fjármagni hefur verið eytt í tilraunir sem litlu hafa skilað enn sem komið er. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur sýslað með marga milljarða af lausung. Eftir á að koma í ljós hvort og þá hvenær þær afurðir verða komnar í

virgni sem væntingar standa til. Öll höfum við sameiginleg markmið sem er að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólalþjónustu og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólalþjónustu. Forgangurinn hlýtur þó ávallt að vera sá að byrja á því að sinna börnunum sem beðið hafa á biðlistum jafnvel mánuðum saman. Í það þarf að setja fjármagn fyrst og fremst.


Samþykktin er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs



Helgi Grímsson

sviðsstóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir (Ísak) um rafvæðingu umsóknarferlis skólalþjónustu og endurskoðun verklags út frá notendamiðaðri hönnun, ásamt fylgigögnum.